

44. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún var haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2019, að Húnabraut 26, Blönduósi, klukkan 17:00.

Mætt voru: Gunnar Tryggvi Halldórsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Róbert Kristjánsson, Karen Helga Steinsdóttir, Einar Kristján Jónsson, framkvæmdastjóri og Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, skólastjóri.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

Skólastarfið.

1. Staða framkvæmda.
2. Auglýsing á stöðu skólastjóra.
3. Önnur mál.

Gengið var til dagskrár:

Dagskrá:

Skólastarfið:

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, sagði að starf Tónlistarskólans væri í föstum skorðum. Engin viðbrögð voru við umsókn um stöðu blásturshljóðfærakennara en verður það leyst með tilfærslum kennara skólans í starfi. Helena Rán Þorsteinsdóttir var ráðin í hlutastarf á Skagaströnd og mun hún kenna á gítar og bassa.

Vortónleikar eru fyrirhugaðir þann 30. apríl klukkan 15:00 í Húnavallaskóla, 9. maí 17:00 í Blönduósskirkju, og 8. maí klukkan 17:00 í Hólaneskirkju. Stefnt er á skólaslit mánudaginn 20. maí, með fyrirvara um breytingar.

Rætt um fyrirkomulag tónleika sem verða með svipuðu sniði og áður. Sú nýbreytni er að nú er tónleikagestum afhent efnisskrá.

Hugrún greindi frá því að starf barnakórs hafi gengið vel, hún lagði til að vikka út verkefnið og fá jafnvel Blönduskóla og Húnavallaskóla með í verkefnið. Hún mun kanna hvort áhugi er fyrir því.

Hugrún greindi enn fremur frá því að 5 nemendur hafi lokið stigsprófi. 2 nemendur luku grunnprófi, 1 nemandi jafnframt fyrsti nemandi skólans lauk miðprófi, 2 nemendur luku 1. stigi.

Staða framkvæmda:

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu framkvæmda við húsnæði Tónlistarskólans.

Búið er að skipta um gólfefni, hurðir og mála efrihæð að Húnabraut 26. Jafnframt hefði verið skipt um allar hitalagnir og ofna á báðum hæðum hússins og skipt um neysluvatnslagnir á efri hæð, enn fremur verður salerni á neðri hæð lagað.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er meiri en áætlað var, en aðal ástæða þess var sú að ekki var reiknað með að skipta þyrfti um allt hitakerfið.

Búið er að mála að hluta til húsnæðið að Bogabraut, Skagaströnd. Leita þarf leiða til að finna framtíðarlausn á húsnæðismálum skólans á Skagaströnd.

SA JSK RK VHS Z

1. **Auglýsing á stöðu skólastjóra:**

- a. Framkvæmdastjóri greindi frá því að auglýsa þyrfti stöðu skólastjóra við skólann. Hugrún vék af fundi.
- i. Framkvæmdastjóra er falið að auglýsa starfið.

Önnur mál:


a. Næsti fundur verður haldinn að Bogabraut 10, Skagaströnd, þriðjudaginn 4. júní 2019 kl. 17:00.


b. Farin var skoðunarferð um húsið og framkvæmdir teknar út.


Fleira ekki gert,


fundi slitið kl. 17:58

Fundargerð ritaði Hugrún Sif Hallgrímsdóttir



Gunnar Tryggvi Halldórsson


Jóhanna Magnúsdóttir


Róbert Kristjánsson


Karen Helga Steinsdóttir


Einar Kristján Jónsson


Hugrún Sif Hallgrímsdóttir

BLÖNDUÓSBÆR	
Mott. dags.:	Málar.:
14.05.19	1905005
Bréf til:	Málalykill:
VOH	00.01.01